



4. stjórnarfundur L.H. í Bændahöll 11.02.1991 kl. 13:30.

Mættir: Allir aðalstjórnarmenn, Sigfús Guðmundsson og Elísabet Þórólfsdóttir varamenn og Hjalti Pálsson.

1. Formaður greindi frá reiðvegamállum og samstarfi við Vegagerðina um þau mál. Þá greindi Hjalti frá viðræðum sínum við Vegagerðarmenn og Gatnamálastjóra. Taldi hann viðbrögð jákvæðari af hálfu þessara aðila en verið hefur áður. Heyrst hefur að framlag til reiðvega hækki talsvert. Farið var yfir samkomulag frá '82 við Vegagerðina.

Samþykkt að skipa samstarfsnefndir við Vegagerðina um reiðvegamál, hverja í sínu umdæmi. Leitað verði eftir tilnefningum heimamanna um tvo menn í hverju umdæmi, til að gegna þessu. Athuga, að þessir fulltrúar fái fyrirmæli frá L.H. um starf sitt. Óskað er eftir að tilnefningar liggji fyrir fyrir næsta fund, svo að þetta komist á.

Þar næst ræddu menn um ýmsa framkvæmd vegamála. Þar kom fram sú ábending, að það er oft hagur sveitarfélaga og bænda að leiðir af þessu tagi séu greiðfærar til að þær henti vel til rekstra á búfé. Þá er skrifstofu falið að athuga hvort deildarverkfræðingar eru ekki með sameiginlega fundi og hvort L.H. getur ekki komið sjónarmiðum sínum þar á framfæri.

2. Landsmót 1994. Formaður las upp bréf sem hugmynd er að senda sunnlenskum félögum. Komið hefur fram bréf frá Rangárbökkum, þar sem svæðið á Gaddstaðafloötum er boðið fram til landsmótshalds. Þá er enn fremur komið fram bréf frá Fákí um sama efni, eins og getið var á síðasta fundi. Þetta var nú rætt.
3. Lögð fram lög Dómarafélagsins og breytingar á þeim. Þetta var skoðað og nokkrar fyrirspurnir.
4. Þá var tekið upp fyrirhugað dómaraámskeið og hvaða hlutverki gæðinga- og unglínganefnd hefði að gegna í þessu sem og í öðru. Það er m.a. að gæðinga- og unglínganefnd vinni að samþykktum ársþinga og hafi eftirlit með framkvæmd keppnisreglna og dóma, gerir tillögur um breytingar á reglum ef þurfa þykir í samráði við dómarafélagið eða aðra sem málið varðar.

5. Til fundar kom framkvæmdanefnd fjórðungsmóts 1991. Kristinn Guðnason hafði orð fyrir þeim, ræddi hann um þátttökurétt bæði gæðinga og kynbótahrossa. Þá greindi Fannar einnig frá ýmsu sem varðar framkvæmd á ýmsum þáttum. Að loknu máli þeirra var ýmislegt rætt um þetta mál.

6. Umsóknir um stöðu framkvæmdastjóra. Formaður kynnti innkomnar umsóknir. Eftirtaldir sóttu um.:
Páll Valdimarsson
Guðmundur Steindórsson.
Halldór Ingvason.
Einar Ragnarsson.
Gísli B. Björnsson.
Gylfi Geirsson.
Sigurður Þórhallsson.
Arnbór Óskarsson.
Finnur Egilsson.
Sigurður Jónsson.
Jónas P. Hreinsson.
Ásta Hallgrímsdóttir.

Rætt var um að ákvörðun dragist ekki lengi. Ákveðið var að ræða við þetta fólk og gera Kári, Gunnar og Guðmundur það, eftir nánara umtali og sér skrifstofan um að boða fólkið í samráði við Kára, mánudaginn 18.2. Síðan verður stjórnarmönnum gerð grein fyrir útkomu þeirra viðræðna.

7. Gunnar spurði um, hvort eitthvað hefði skemmt í Skógarhólum í veðrinu fyrir viku, en Hjalti hafði eftir þjóðgarðsverði að ekki hefðu orðið skemmdir.
8. Lagt til að halda fund um mótahald laugardaginn 16. mars með 2 fulltrúum frá hverju félagi.
9. Skúli ræddi um trygginga- og tjónamál vegna búfjár og ábyrgðarskyldu.
10. Gunnar ræddi um úthlutun reiðvegafjár og ýmis viðhorf í því efni. Hjalti ræddi í framhaldi af því um ýmsar hugmyndir í reiðvegagerð á Reykjavíkursvæðinu.
11. Guðm. Jónsson ræddi um að hann hyggt hætta setu í búfjárræktarnefnd B.Í. vegna anna.
12. Gunnar ræddi um aðstöðuna í Skógarhólum og betrumbætur þar. Var rætt um að taka það upp á fundi í vor. Þá var rætt um að halda blöðum Hestsins Okkar til haga.

Samþykkt að gera það sem hægt er til að árgangar verði heilir.

Fundi slitið kl. 18:00

Kári Arnórsson
Gunnar B. Gunnarsson,
Sigfús Guðmundsson,

Guðmundur Jónsson.
Skúli Ögm. Kristjánsson
Jón Bergsson.